

Aðgerðaáætlun Æskulýðsvettvangsins

gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun



**ÆSKULÝÐS
VETTvangurinn**



Efnisyfirlit

Stefnuyfirlýsing Æskulýðsvettvangsins (UMFÍ, KFUM/KFUK, BÍS, SL)	3
Fyrirbyggjandi aðgerðir	3
Sameiginlegar reglur	3
Skilgreining eineltis	3
Dæmi um birtingarmyndir eineltis	4
Vísbendingar um að einstaklingi líði illa, að hann sé hræddur og að honum finnist sér ógnað	4
Þeir sem teljast vera í áhættuhópi hvað varðar að vera lagðir í einelti eða leggja í einelti	5
Afleiðingar eineltis	6
Aðgerðir sem gripið verður til hjá ÆV ef einstaklingar hafa orðið fyrir einelti og/eða annarri óæskilegri hegðun	6
Leiðbeinandi verklagsreglur	7
Gildistaka	7
Lokaorð	7
Heimild	7
Dæmi um eyðublöð	8



Myndskreytingar eru úr
bókinni *EKKI MEIR* eftir
Kolbrúnu Baldursdóttur.

Stefnuyfirlýsing Æskulýðsvettvangsins (UMFÍ, KFUM/KFUK, BÍS, SL)

Æskulýðsvettvangurinn, hér eftir nefndur ÆV, telur mjög mikilvægt að öllum líði vel í leik og starfi innan ÆV og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur. ÆV leggur áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum þar sem hver og einn sé ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum. Starfsfólk og sjálfbodaliðar eiga þannig að gæta vandvirkni og samvissusemi og koma fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir. ÆV leggur einnig ríka áherslu á að starfsfólk og sjálfbodaliðar séu fyrirmyndir þátttakenda og sýni góða hegðun og gott fordæmi, jafnt í starfi sem utan þess. Jafnframt telur ÆV mikilvægt að stuðlað sé að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi með börnum og unglingum.



Fyrirbyggjandi aðgerðir

Mikilvægt er að börn séu alin upp við jákvæða athygli. Þau læri að setja sig í spor annarra, sýni umburðarlyndi og beri virðingu fyrir öðrum. Nauðsynlegt er fyrir starfsfólk ÆV að gera sér grein fyrir því að það tekur þátt í uppeldi barna og ungmenna. Þannig er hlutverk starfsmanna m.a. að fylgjast vel með samskiptum barna og ungmenna og gera foreldrum strax viðvart ef grunur leikur á að um einelti sé að ræða. Góð og náin samvinna milli starfsmanna og foreldra er grundvöllur þess að börnum og ungmennum líði vel í starfi.

Starfsfólk þarf handleiðslu og fræðslu um aðferðir til að styðja við jákvæða framkomu og hegðun barna og ungmenna. Starfsfólkið sjálft þarf einnig að gæta að sér því að allir, fullorðnir og börn, bera ábyrgð á hegðun sinni og framkomu. Fullorðnir eru þó ávallt fyrirmyndir barnanna. Til þess að meta

staðarbrag og starfsanda er gott að kanna reglulega líðan og ánægju þátttakenda, starfsfólks og sjálfbodaliða. Einnig leggur ÆV ríka áherslu á að starfsfólk og sjálfbodaliðar eigi kost á námskeiðum þar sem fjallað er um mannréttindi, jafnrétti og lýðræði, samanber Kompás.

Sameiginlegar reglur

Æskulýðsvettvangurinn hefur sett saman og gefið út sameiginlegar siðareglur fyrir starfsfólk og sjálfbodaliða ÆV. Allir eiga að þekkja þessar reglur og öllum ber að fylgja þeim og virða þær þannig að þeir sem taka þátt í starfi ÆV geti notið sín á jákvæðan hátt.

ÆV hefur sett á fót svokallaðan ráðgjafarhóp ÆV um einelti sem mun aðstoða og leiðbeina í eineltismálum sem verða ekki leyst á auðveldan og farsælan hátt af starfsfólki ÆV.

Skilgreining eineltis

Einelti er endurtekið ofbeldi þar sem einn eða fleiri niðast á eða ráðast endurtekið á ákveðinn einstakling. Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann og gerandann. Einelti á sér stað á milli tveggja einstaklinga eða einstaklings og hóps. Einelti birtist með ýmsum hætti, t.d. að þolandi verður fyrir stöðugri stríðni á einn eða annan hátt, illu umtali, hann er gerður að aðhlátursefni, honum sýnd vanþóknun, útskúfun og hæðst er að honum með ýmsu móti.

Einelti getur falið í sér að þolandanum finnist að allir eða flestallir í hópnum séu á móti honum þótt því sé í reynd ekki þannig farið. Ræða þarf við börn og ungmenni um samstöðu og að vera aldrei þögult vitni að stríðni eða einelti. Finnist einhverjum að verið sé að stríða honum eða leggja hann í einelti þarf að taka mark á því og skoða málið. Það er ávallt huglægt mat þolanda sem er mælikvarði á hvar mörkin í samskiptum liggja.

Allir, sem starfa innan ÆV, þurfa að geta gert sér grein fyrir því hvort um sé að ræða einelti eða ekki í einstökum tilvikum. Mikilvægt er að starfsfólk hvetji börn og ungmenni til þess að láta foreldra eða starfsfólkið vita, verði þau fyrir endurtekinni stríðni eða ef þau verða vör við stríðni eða deilur milli einstaklinga. Einnig er mikilvægt að hvetja foreldra til þess að láta vita ef börn og ungmenni segja þeim frá atvikum sem varða einelti.



Dæmi um birtingarmyndir eineltis

Einelti getur birst í mörgum myndum, andlegum og líkamlegum, leyndum og ljósum.

- **Andlegt einelti getur oft verið afar dulið:**
Sýnd eru ýmis svipbrigði sem lýsa t.d. hroka eða fyrirleitningu, glott, augngotur eða augum ranghvolft. Baktal, hvísl, látið sem einstaklingurinn sé ekki á staðnum. Útilokun, upplýsingum haldið frá einstaklingi eða hann hunsaður.
- **Háð og grín:**
Hæðst er að útliti, líkams- eða klæðaburði, síðum, venjum, trú, húðlit, hjálpartækjum eða fötlun.
- **Rafrænt einelti er þegar neikvæðar sögur, frásagnir, lygar eða meidandi myndir eru settar á netið:**
Twitter, Facebook, SMS, bloggsíður eða YouTube, með skrifum og myndbirtingum.
- **Líkamlegt ofbeldi:**
Þegar sparkað er í einstakling, hann sleginn, hrækt á hann eða honum hrint.
- **Annað:**
Þegar komið er illa fram við einstakling með öðrum hætti, t.d. eigur eru faldar eða eyðilagðar.

Vísbendingar um að einstaklingi líði illa, að hann sé hræddur og að honum finnist sér ógnað

- Þegar einstaklingur er ólíkur sjálfum sér, sýnir einkenni eða hegðun sem hann hefur ekki sýnt áður og sem gefur til kynna að honum líði illa.
- Einstaklingur er dapur, niðurdreginn, óttasleginn og/eða var um sig.
- Líkamlegir áverkar, marblettir, eymsl sem einstaklingur á erfitt með að skýra.
- Einstaklingur fordast ákveðnar aðstæður, vill halda sig til hlés, einangrar sig frá hópnum eða leitar í skjól fullorðinna.
- Einstaklingur á erfitt með að einbeita sér, áhugi hefur dvínað, getu og annarri færni hefur hrakað.
- Áberandi er að einstaklingur nýtur sín ekki þar sem hann er staddur.



Þeir sem teljast vera í áhættuhópi hvað varðar að vera lagðir í einelti eða leggja í einelti

Þolendur stríðni og eineltis eru oft:

- Einlægir og grandalausir einstaklingar, hlédrægir, viðkvæmir, varkárir og hæverskir.
- Einstaklingar sem skera sig úr á einhvern hátt: Hafa t.d. sérstök áhugamál, venjur, stíl eða eru sérstakir á annan hátt, t.d. í tali eða framkomu.
- Þolendur eineltis eru brenndir af fyrri reynslu og búast oft við neikvæðum viðbrögðum.
- Þolendur eiga frekar á hættu að mistúlka aðstæður og lesa umhverfið sér í óhag.

Gerendur eineltis:

- Vanlíðan af einhverjum orsökum er líklega helsti hvati neikvæðrar hegðunar og framkomu gagnvart öðrum.
- Erfiðleikar á heimili, í skóla eða í frístundastarfi getu verið orsök.
- Sumir gerendur eineltis hafa áður verið þolendur og óttast að lenda aftur í þeim sporum.
- Ekki er alltaf ásetningur að særa og meiða.
- Sum börn gera ekki greinarmun á hvar mörkin liggja í samskiptum.

- Gerandi eineltis gerir sér oft far um að sýnast sterkur og öruggur.
- Gerandi getur verið hæfileikaríkur einstaklingur sem er félagslega sterkur og vinsall meðal jafnaldra.
- Gerandi er ekki alltaf með áhangendur eða fylgismenn sem taka þátt í eineltinu.
- Sumir gerendur glíma við truflandi persónueinkenni:
 - o Þíring
 - o Öfund
 - o Reiði
 - o Skort á samkennd
 - o Áhrifagirni
 - o Taka ekki ábyrgð, kenna öðrum um ófærir sínar
 - o Glíma við röskun af einhverju tagi
 - o Hlíta ekki fyrir mælum
 - o Eru árásgjarnir og ögrandi

Afleiðingar eineltis

- Brotin sjálfsmýnd, ofurviðkvæmni, kvíði, depurð, sjálfsásökun og öryggisleysi.
- Versnandi andleg líðan veldur oft skapgerðar- og jafnvel persónubreytingum.
- Einstaklingur, sem óttast að vera strítt eða lagður í einelti, heldur sig til hlés og/eða heldur sig nærri fullorðnum.
- Hann reynir oft með öllum ráðum að komast hjá því að vera þar sem honum finnst að ógn stöðji að honum.




Aðgerðir sem gripið verður til hjá ÆV ef einstaklingar hafa orðið fyrir einelti og/eða annarri óæskilegri hegðun

ÆV einsetur sér að leysa eineltismál á farsælan og ábyrgan hátt. ÆV hefur upplýsingaskyldu við foreldra og forráðamenn barna og ungmenna og reynir að rækja þá skyldu eins og frekast er unnt. Viðkvæm mál verða ekki leyst án þess að trúnaður og traust ríki milli þeirra sem málin varða og þeirra sem að þeim koma. Rétt getur verið, í einstaka minniháttar tilvikum, að halda málsástæðum eingöngu milli starfsmanns ÆV og barns eða ungmennis, þ.e.a.s. þegar starfsmanni tekst að leysa mál þannig að allir aðilar verði sáttir við málalýktir. Aðgerðaferli ÆV er eftirfarandi:

1. Þeir sem verða varir við samskiptavanda reyna að leysa hvert atvik um leið og það kemur upp eða eins fljótt og unnt er. Líklegast er að starfsmaður, leiðbeinandi og/eða sjálfboðaliði, sem starfar fyrir samtökin, geti leyst sum mál strax.
2. Mál, sem koma upp og leysast ekki samkvæmt 1. lið, ber að tilkynna til yfirmanns eða framkvæmdastjóra viðkomandi samtaka. Einnig er mikilvægt að hafa samband við foreldra/forráðamenn geranda og þolanda. Ef málið er orðið stærra en svo að hægt sé að leysa það á farsælan og auðveldan hátt verður leitað til ráðgjafarhóps ÆV um eineltismál.
3. Agamál barna og ungmenna, sem ekki er unnt að leysa strax, svo sem endurtekin truflun á við-

burði og óásætlanleg framkoma gagnvart öðrum börnum og ungmennum eða starfsfólki, skulu leyst með samráði foreldra/forráðamanna, yfirmanns, framkvæmdastjóra, annarra starfsmanna sem og ráðgjafarhóps ÆV um eineltismál. Ef barn eða ungmenni veldur verulegri truflun á starfi félags síns og fullreynt er um að það láti segjast við áminningu starfsmanns, er heimilt að vísa barninu eða ungmenninu tímabundið úr starfinu. Skal starfsmaður samstundis hafa samband við foreldra/forráðamenn og tilkynna ákvörðunina. Það skal áreittað að brottvísun af viðburði eða úr samtökunum er neyðarúrræði. Komi til slíkrar brottvísunar sækir barnið eða ungmennið ekki aðra viðburði á vegum félags síns meðan leitað er lausna á málum þess.

4. Gerist barn eða ungmenni sekt um alvarleg brot á almennum samskiptareglum í ferðalögum á vegum félags síns verður haft samband við foreldra/forráðamenn viðkomandi og þess óskað að barnið eða ungmennið verði sótt eða það sent heim á kostnað foreldra/forráðamanna.
5. Börn, ungmenni og foreldrar/forráðamenn þeirra eru ábyrg fyrir því tjóni sem þau kunna að valda á eignum samtakanna, starfsfólks eða annarra barna og ungmenna, sem og tjóni sem viðkomandi kann að valda í ferðum.
6. Starfsfólk færir inn á sérstakt eyðublað brjóti barn eða ungmenni ofangreindar reglur samtakanna. Eyðublaðið skal varðveitt hjá yfirmanni og vera aðgengilegt öllum starfsmönnum og sjálfboðaliðum.



Leiðbeinandi verklagsreglur

1. Ef barn eða ungmenni brýtur reglu eða sýnir neikvæða hegðun sem skaðar annan einstakling:

Starfsfólk skráir atvikid/atburðinn á tiltekið eyðublað og ræðir jafnframt við viðkomandi barn eða ungmenni, gerir því grein fyrir „broti“ sínu og kemur með tillögur að úrlausnum. Um leið skulu foreldrar/forráðamenn upplýstir um „brotið“.

2. Barn eða ungmenni brýtur af sér aftur:

Starfsfólk ræðir við viðkomandi og upplýsir yfirmann og framkvæmdastjóra viðkomandi félags um málið. Foreldrar/forráðamenn eru kallaðir til vegna „brots“ viðkomandi og þeir fengnir í lið með starfsmönnum ÆV til að leita úrlausna.

3. Við siendurtekin „brot“ er ráðgjafarhópur ÆV um eineltismál kallaður til, til að vinna að frekari úrlausnum. Ávallt skal leita farsælla lausna með hag allra að leiðarljósi.

Gildistaka

Aðgerðaáætlun þessi er samþykkt af stjórn ÆV, ráðgjafarhópi ÆV um eineltismál sem og vinnuhópi ÆV og tekur hún gildi frá og með 5. september 2012.

Lokaorð

ÆV gerir allt sem í sínu valdi stendur til að leysa eineltismál á farsælan hátt þannig að öllum geti liðið vel í starfi sínu innan ÆV. Allir eiga að fá að standa jafnfætis öðrum, óháð aldri, kyni, trú og þjóðerni.

ÆV þakkar Íþróttafélagi Reykjavíkur fyrir veittar upplýsingar við gerð þessarar áætlunar. Einnig færir ÆV Kolbrúnu Baldursdóttur þakkir fyrir yfirllestur og ráðleggingar.

Heimild

Kolbrún Baldursdóttir. 2012. *EKKI MEIR*. Leiðarvísir í aðgerðum gegn einelti fyrir starfsfólk skóla, íþrótt- og æskulýðsfélög, foreldra og börn. 1. útg. Skólavefurinn, Reykjavík.

Dæmi um eyðublöð

Eyðublað 1

Grunur um einelti

Dags. _____

Nafn þolanda: _____

Nafn geranda: _____

Hvar gerðist atvikid: _____

Hvað gerðist: _____

Eyðublað 2

Fundur vegna gruns um einelti

Hverjir sátu fundinn:

Dags. _____

Helstu niðurstöður:

Hittumst næst:
